

Tillaga

Viðtakandi: Bæjarráð

Efni: Samstarfssamningar við íþrótt- og tómstundafélög

Dags: 21.2. 2025

Málsnúmer: 202412027

Starfsmaður: Arnar Jónsson, sviðsstjóri menningar-, íþrótt- og lýðheilsusviðs

Tillaga:

Lagt til að fyrirbyggjandi drög að samstarfssamningum við íþrótt- og tómstundafélög sem gildi til 31. desember 2027 verði samþykkt.

Greinargerð:

Lögð eru fram til afgreiðslu drög að samstarfssamningum Mosfellsbæjar við íþrótt- og tómstundafélög sem gildi frá 1. janúar 2025 til 31. desember 2027. Samningarnir byggja á fyrri samningum, áherslum íþrótt- og tómstundanevndar og samtölum starfsmanna menningar-, íþrótt- og lýðheilsusviðs við forystu félaganna.

Um er að ræða eftirfarandi félög; Ungmennafélagið Aftureldingu, Hestamannafélagið Hörð, Björgunarsveitina Kyndil, Skátafélagið Mosverja, Mótorgolf félag Mosfellsbæjar og Kraftlyftingafélag Mosfellsbæjar.

Samkvæmt fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar fyrir árið 2025 er áformað að verja 196,5 m.kr. til framangreindra íþrótt- og tómstundafélaga næstu tvö ár. Auk þessara fjármuna koma til framlög vegna sumarstarfa og afnota af eigin mannvirkjum sem áætlað hefur verið fyrir en birtast ekki sem beinar greiðslur samkvæmt samningunum þar sem þau taka annars vegar mið af kjarasamningum og hins vegar fasteignamati og breytast árlega.

Fjármunirnir skiptast með neðangreindum hætti í samræmi við ákvæði fjárhagsáætlunar 2025:

	Framlag til barna- og unglingsstarfs	Framlag til afreks- og styrktarsjóðs	Framlag til almenns reksturs	Framlag til afreksstarfsemi	Afnot af eigin mannvirkjum	Styrkur vegna félagshesthúss	Styrktarsjóður Guðfinnu	Samtals
Afturelding	42.660	3.716	75.143	38.532			300	160.351
Skátafélagið Mosverjar	6.289	1.299			1.201			8.789
Hestamannafélagið Hörður	8.659	1.299			8.448	801		19.207
Björgunarsveitin Kyndill	3.414	626			957			4.997
Motomos	1.265	331			359			1.955
Kraft Mos	892	337						1.229
Samtals	63.179	7.608	75.143	38.532	10.965	801	300	196.528

Markmið samninganna er að tryggja öflugt og fjölbreytt íþrótt- og tómstundastarf í Mosfellsbæ. Samstarfssamningar við félög hafa verið gerðir frá árinu 2014 og eru mikilvægur stuðningur við starfsemi íþrótt- og tómstundafélaga í sveitarfélaginu.

Fjárframlög í samningunum taka til fjárframlaga til barna- og unglingsstarfs, afreks og styrktarsjóðs, almenns rekstrar og afreksstarfsemi. Þá koma til framlög vegna sumarstarfa og félög sem eiga eigið húsnæði fá framlög vegna afnota af eigin mannvirkjum til barna- og ungmennastarfs en í öðrum tilfellum útvegar Mosfellsbær húsnæði eða aðstöðu.

Í þeim samningsdrögum sem hér eru lögð fram er byggt á fyrri samningum og taka þeir allir breytingum á grundvelli launavísitölu auk þess sem iðkendaframlög eru hækkuð úr 3,0% í 3,5%.

Þá samþykkti bæjarstjórn 3 m.kr. fjárheimild til menningar-, íþróttta- og lýðheilsusviðs sem öll félögin geta sótt í til að auka framboð íþróttta og tómsunda fyrir börn með sérstakar þarfir og börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn og er hluti af aðgerðaáætlun átaksins Börnin okkar.

Framlög vegna sumarstarfa hækka um 1,3 m.kr. hjá þeim félögum sem hafa heimild til að ráða fimm starfsmenn í sumarstörf og um 0,8 m.kr. hjá þeim félögum sem hafa heimild til að ráða þrjá sumarstarfsmenn.

Grein um styrktarþjálfun og sundlaugakort er breytt til samræmis við breytt fyrirkomulag styrktarþjálfunar sem UMFA annast nú í tveim rýmum að Varmá í samvinnu við íþróttta- og tómsundafélög og skóla í Mosfellsbæ sem nýta styrktaraðstöðuna.

Sú grein sem fjalla um samskipti samningsaðila hefur verið uppfærð miðað við breytt heiti fagsviðsins. Þá bætist við þá grein áskilnaður um þátttöku félaganna í samstarfsvettvangi íþróttta- og tómsundafélaga í Mosfellsbæ.

Gerðar eru nokkrar breytingar á þeirri grein sem fjallar um ábyrgð hvers félags um þætti eins og að hækka ekki æfingagjöld umfram launavísitölu á samningstímanum, um fyrirmyndarfélög ÍSÍ þar sem það á við og mikilvægi þess að ákvæðum íþróttalaga og æskulýðslaga varðandi kröfur til þeirra sem sinna börnum og ungmennum yngri en 18 ára sé fylgt í hvívetna. Loks eru í sömu grein uppfærsla á orðalagi og vísun í stefnur Mosfellsbæjar varðandi gerð jafnréttisáætlunar sem skal taka mið af jafnréttisáætlun Mosfellsbæjar og því að félögin skipuleggi starf sitt með þarfir og hagsmuni allra kynja í huga.

Sem fyrr áskilur Mosfellsbær sér rétt til að skilyrða fjárveitingar til félaganna við að þau setji sér siðareglur og viðbragðs- og aðgerðaráætlun í tengslum við þær. Þá skulu félögin fræða starfsfólk sitt um hvað teljist kynferðisleg áreitni og/eða ofbeldi og hvað teljist annað ofbeldi. Einnig skal félagið stofna og/eða hafa aðgang að óháðu fagráði sem tekur á móti ábendingum og kvörtunum iðkendum og ábyrgðaraðila.

Lagt er til að samningar taki gildi 1.1.2025 og gildi til 31.12. 2027.

Samningarnir eru til umfjöllunar í íþróttta- og tómsundanefnd á fundi 25. febrúar nk.

Virðingarfyllst,

Arnar Jónsson

Fylgiskjöl:

- 1) Samstarfssamningur við UMFA
- 2) Samstarfssamningur við Skátafélagið Mosverja
- 3) Samstarfssamningur við Kraftlyftingafélag Mosfellsbæjar
- 4) Samstarfssamningur við Hestamannafélagið Hörð
- 5) Samstarfssamningur við Mótorcrossfélag Mosfellsbæjar
- 6) Samstarfssamningur við Björgunarsveitina Kyndil